

13.1.2014

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/839*  
*komudagur 13.1.2014*

Góðan daginn

Á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 9. janúar s.l. var svohljóðandi bókun gerð og er hún athugasemd við frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, 215. mál.

"Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, sér í lagi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að breytingum á einkaleyfi til endurvinnslunnar varðandi skilagjaldaskyldar umbúðir. Með frumvarpinu er stefnt að því að lög nr. 52/1989 falli úr gildi og að framleiðendum verði frjálst að stofna ný skilakerfi, eitt eða fleiri. Vakin er athygli á því að Endurvinnslan hf. hefur allvíða gert samninga við sveitarfélög og verndaða vinnustaði fyrir fatlaða um að veita fötluðu fólki atvinnu við móttöku og flokkun skilaskyldra drykkjarvöruumbúða. Þessi starfsemi er sett í mikið uppnám ef frumvarpið verður að lögum og er engin trygging fyrir því að nýju skilakerfin muni viðhalda slíkum samningum. Sveitarstjórn leggst gegn þessari breytingu enda er flöskumóttaka og flokkun mikilvægur þáttur í starfsemi Fjöliðjunnar."

Þessari umsögn er hér með komið á framfæri.

Kveðja,

**Eiríkur Ólafsson**

skrifstofustjóri Borgarbyggðar

S: 433-7100 Fax: 433-7101

[eirikur@borgarbyggd.is](mailto:eirikur@borgarbyggd.is) [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)